



Námsáætlun

UMHV1me05 Vor 2021

Kennarar:

Sigurkarl Magnússon, sigurkarl@fg.is og Íris Hv. Skaftadóttir, irishs@fg.is

Kennslugögn:

Glósur og tenglar á Innu.

Vika	Yfirferð	Próf	Annað
1. 24.-26. feb.	Umhverfisfræði sem fræðigreinin		
2. 1.-5. mars	Auðlindir og neysla		9.3 úrsagnareindagi
3. 8-12. mars	Auðlindir og orka		
4. 15.-19 mars	Orka og Sorp		19.3 námsmatsdagur
5. 22.-26. mars	Sorp og endurvinnsla	Próf 1	
29. mars-6. apríl			
6. 7.-9. apríl	Endurvinnsla		Miðannamat
7. 12.-16. apríl	Andrúmsloftið		
8. 19.-23. apríl	Gróðurhúsaáhrif og ósonlagið		22.4. Sumardagurinn fyrsti
9. 26.-30. apríl	Mengun í lofti, landi og sjó		28.4. námsmatsdagur
10. 3-7. maí	Mengun í lofti, landi og sjó		
11. 10.-14. maí	Vistspor	Próf 2	13.5. Uppstigningardagur
12. 17.-18. maí	Umhverfisvernd - Nemendakynning		

Próf eru 19. og 20. maí. Sjúkrapróf 21. maí.

ATH að Námsáætlun getur tekið breytingum

Námsmat:

Lotupróf 40%

Áfanginn er kenndur í tveimur lotum sem hvor um sig endar með lotuprófi. Ekkert lokapróf er í áfanganum. Lotuprófin gilda hvort um sig 20% eða samtals 40%. Komist nemandi ekki í lotupróf vegna veikinda eða annarra forfalla ber honum að láta vita af því á skrifstofu samdægurs. Aðeins nemendur sem hafa afsakaða fjarvist fá að taka sjúkrapróf. Sjúkrapróf eru haldin næstu námsmatsdaga eftir próf.

Nemendakynning 10%

Nemendur vinna 2-3 saman að fyrirlestri um umhverfismálefni og taka kynninguna upp á myndband sem skilað er inn á Innu sem Youtube slóð. Auk þess skal skila texta með efni kynningarinnar. Kynning verður að vera unnin á Google slides með öllum texta og skjalinu deilt með kennara frá upphafi þar sem kennari hefur edit aðgang. Einkunn fyrir verkefnið verður að hluta jafningjamat. Nánari útfærsla verður kynnt í verkefnalýsingu.

Umhverfisdagbók 20%

Hver nemandi heldur umhverfisdagbók og gerir þar vikulegar skráningar og skilar hverri viku fyrir sig. Nánari útfærsla verður kynnt í verkefnalýsingu.

Almenn verkefnavinna 30%

Verkefni eru unnin jafnt og þétt yfir önnina. Verkefnin eru mismunandi og hafa mismikið vægi. Þau eru kynnt nánar í verkefnalýsingu sem birtast á Innu.

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 í meðaleinkunn úr lotuprófum. Ef meðaleinkunnin er undir 4,5 reiknast einkunnir fyrir aðra námsþætti ekki með í lokaeinkunn. Til að ná áfanganum þarf lokaeinkunn að ná 5,0.



Smiðja: Hér geta nemendur komið og unnið í sínum verkefnum og fengið aðstoð við námið.

Annað:

Skiladagar verkefna og ábyrgð nemenda. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu, þar með verkefnaskilum og að afla sér upplýsinga um það sem gerist í þeim kennslustundum sem þeir missa af. Nemendur þurfa að skoða Innu reglulega og fylgjast með tilkynningum frá kennara. Verkefnum skal skila fyrir skilafrest sem gefinn er á Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast fyrstu þrjá dagana. Eftir það er ekki tekið við verkefninu. Ekki er tekið við verkefnum í tölvupósti.

Ritstuldur. Reglur um ritstuld gilda fyrir allt sem skilað er, stærri og minni verkefni. Öll tilvik þar sem hluti eða heild texta í skýrslu, verkefni eða öðru er tekinn beint úr bók, af vefsíðu, úr verkefni annars nemanda eða annars staðar frá teljast ritstuldur. Einkunnin núll er gefin fyrir verkefni sem eru að hluta eða heild ritstolin.

Skili tveir (eða fleiri) nemendur nákvæmlega sama verkefni þegar um einstaklingsverkefni er að ræða deilist einkunnin á nemendurna. Til dæmis: Kalli og Valli skila sama verkefninu og fá einkunnina 8 fyrir verkefnið. Fær þá hvor þeirra 4 fyrir verkefnið. Sams konar reikniregla er notuð ef ákveðinn hámarksfjöldi nemenda má vinna í hóp, en fleiri eru skráðir fyrir verkefninu.

Viðveruskráning. Kennari skráir viðveru nemenda í kennslustund. Athugasemdir við skráða viðveru verður að gera sem fyrst, en eigi síðar en tveimur vikum eftir kennslustund enda er gert ráð fyrir að nemendur fylgist með mætingu sinni á Innu og bendi kennara strax á ef mistök hafa verið gerð. Nemandi telst samþykkur skráningunni geri hann ekki athugasemdir við viðveruskráningu innan tveggja vikna.

Notkun heimilda. Í öllum verkefnum skal geta heimilda samkvæmt fyrirmælum kennara.

Markmið áfangans:

Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu og skilning** á

- hugtökum umhverfisfræðinnar
- mengun í lofti, vatni og jarðvegi
- flokkun sorps og endurnýtingu
- orkubúskap jarðar og helstu orkugjöfum

Nemandi skal öðlast **leikni** í að

- afla sér áreiðanlegra upplýsinga um umhverfismál
- flokka sorp og skipuleggja endurnýtingu
- leggja mat á áhrif mannsins á umhverfið
- vinna með öðrum að lausnum verkefna um umhverfismál

Nemandi skal geta **hagnýtt** þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- taka þátt í umræðu um hugtök tengd umhverfismálum
- gera sér grein fyrir áhrifum mannsins á mótun lands og áhrifum hans á umhverfið
- umgangast náttúruna af ábyrgð
- taka rökstudda afstöðu til helstu umhverfismála og nýtingu umhverfis og auðlinda